

Ed.

31. Frumvarp til laga

[31. mál]

um breyting á lögum um lögskráningu sjómanna nr. 63 frá 29. mars 1961, sbr. lög nr. 71 frá 28. apríl 1962.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

Aftan við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Þegar lögskráð er úr skiprúmi, hvort heldur er með skriflegri tilkynningu eða á annan hátt, skal útgerðarmaður eða skipstjóri tafarlaust láta viðkomandi skipverja vita um lögskráninguna, ef hann er ekki viðstaddur. Ber útgerðarmanni eða skipstjóra að sanna að skipverja hafi verið tilkynnt um lögskráningu úr skiprúmi, ef um er deilt. Nú hefir skipverja eigi borist vitneskja um lögskráningu úr skiprúmi á réttum tíma, og er honum þá heimilt að vefengja gildi lögskráningarinnar með því að bera upp andmæli við lögskráningarstjóra.

2. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, enda liggi ekki þyngri refsing við þeim samkvæmt öðrum lögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er flutt að tilmælum sjómannasamtakanna og í samræmi við fyrirheit um úrbætur í félags- og réttindamálum þeirra. Megintilgangur frumvarpsins er að hindra ótímabærar og vafasamar lögskráningar úr skiprúmi, sem útgerðarmenn iðka stundum til að spara sér útgjöld. Oft getur það orðið umdeilanlegt í veruleikanum hvenær vist manns á skipi lýkur og hvenær lögskráning úr skiprúmi er réttmæt. Iðulega kemur það fyrir að skipverjar eru lögskráðir úr skiprúmi án þess að vita um það fyrr en löngu síðar og geta af þeim sökum orðið fyrir réttarspjöllum. Frumvarpið á að tryggja að lögskráning úr skiprúmi fari ekki fram án þess að skipverja sé tafarlaust tilkynnt um það, svo hann geti gætt réttar síns, ef á þarf að halda, og hvílir sönnunarbyrðin um að svo hafi verið gert á útgerðarmanni eða skipstjóra.

Þá er í frumvarpinu lagt til að brot á lögskráningarlögum varði sektum, nema þyngri refsing liggi við í öðrum lögum. Ekki er getið lágmarks- eða hámarkssektar heldur lagt á mat dómstóla að ákvarða fjárhæð sektar innan sektarmarka almennra hegningarlaga. Þau mörk eru mjög rúm, hámarkssekt allt að 5 millj. króna, og auk þess endurskoðuð reglulegar en sektarmörk í sérrefsilögum. Óþarft er að tilgreina að sekt skuli renna í ríkissjóð.